

Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd
Austurstræti 10-14
101 Reykjavík

BORGARFJARÐARHREPPUR
Hreppsstofu 720 Borgarfjörður
Kt 480169-6549 Vsk 23085
Sími 472 9999 Fax 472 9995

Borgarfirði 20.08.2016

Vegna þingsáætlunar um samgönguáætlun 2015-2018

Ekki verður sagt að síðasta útgáfa samgönguáætlunar hafi aukið Borgfirðingum bjartsýni á betri tíð og bættu vegi.

Borgarfjörður eystri er eina þéttbýlið á landinu sem enga tengingu hefur með bundnu slitlagi.

Umferð hingað hefur margfaldast á liðnum árum með þeim afleiðingum að þessir 28 km. sem eru án bundins slitlags á Borgarfjarðarvegi frá Egilsstöðum eru ekki akhæfir stóran hluta ársins.

Nú er svo komið að sum úleigufyrirtæki senda skilaboð á sína leigutaka þar sem akstur til Borgarfjarðar eystri er sagður á eigin ábyrgð og ekki æskilegur ef þeir hætta sér útá veg nr. 94.

Íbúum á Borgarfirði eystra finnst vera kominn tími á framkvæmdir.

Fyrir Borgarfjarðarhrepp

Jón Þórðarson
Sveitarstjóri